

Efnisyfirlit

Almenn ákvæði 1. gr.....	2
Um gjaldtöku tengda stærð skipa 2. & 3. gr.....	2
Skipagjöld 4.gr.	3
Vörugjöld 5.-9. gr.....	4
Rafmagn og vatn 10 gr.	5
Vinnutími hafnarstarfsmanna og útköll utan dagvinnutíma 11. gr.....	6
Hafnsögugjald 12. gr.....	6
Þjónusta dráttarbáta 13. gr.	6
Móttaka skipa 14. gr.....	7
Farþegagjald 15. gr.	7
Mengun 16. gr.	7
Siglingavernd 17 gr.	7
Geymslugjald og lóðaleiga 18 gr.....	8
Vigtargjald og gjöld fyrir smábáta 19-20. gr.....	8
Úrgangs- og förgunargjald 21. gr.....	9
Umhirðugjald 22 gr.....	11
Um innheimtu og greiðslu gjalda 23 gr.	11

Gjaldskrá

Hafnasamlags Norðurlands bs. 2025
Gildir frá 1. janúar 2026

1. gr.

Almenn ákvæði

Gjaldskrá fyrir hafnir Hafnasamlags Norðurlands bs. er sett samkvæmt heimild í 17. grein hafnarlaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa

2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðarsamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnasjóðs ef þau koma inn fyrir skilgreind mörk hafnanna samkvæmt hafnarreglugerð hafnanna og njóta aðstöðu eða þjónustu þeirra.

4.gr. Skipagjöld

Lestargjald

21,90 kr	Af öllum skipum skal greiða lestargjald skv. 2. gr. við hverja komu til hafnar (lágmarksgjald 27.595)
----------	---

Bryggjugjöld

10,75 kr	per BT fyrir skip minni en 15.000 BT
15,05 kr	per BT fyrir skip stærri en 15.000 BT

Bátagjöld í Grímsey, Grenivík og Hrísey

11.500 kr	per mán, bátar að 10 BT
13.200 kr	per mán, bátar yfir 10 BT og allt að 20 BT
16.265 kr	per mán, bátar yfir 20 BT og allt að 50 BT
22.250 kr	per mán, bátar yfir 50 BT og allt að 100 BT

Bátagjöld fyrir Hofsbót og Torfunef

	<i>fyrir skip undir 100 BT. Skip yfir 100 BT greiða lestar og bryggjugjöld samkvæmt gjaldskrá HN.</i>
22.305 kr	á mánuði fyrir báta upp að 10 metrum
25.800 kr	á mánuði fyrir báta 10 til 15 metra
29.430 kr	á mánuði fyrir báta 15 til 20 metra
36.800 kr	á mánuði fyrir báta 20 til 25 metra
44.300 kr	á mánuði fyrir báta 25 til 30 metra
55.250 kr	á mánuði fyrir báta 30 til 40 metra

Gesta skútur og skemmtibátar

21.220 kr	fyrir hverja byrjaða viku, innifalið vatn og rafmagn. Fyrir styttri viðdvöl er gjaldið 4.100 kr. fyrir hvern byrjaðan dag.
-----------	---

Heimilt er að gera sérstakan samning um greiðslu vegna einkaviðlegu báta í atvinnustarfsemi í Oddeyrarbót. Fyrir einkalegu báts í ferðapjónustu við brimbrjót (ytri flotbryggju) greiðist mánaðargjald kr. 3.830 kr á hvern lengdarmetra en lágmarksgjald er kr. 53.300. Fyrir einkalegu báts í ferðapjónustu við innri flotbryggju í Oddeyrarbót greiðast mánaðargjald kr. 3.420 kr á hvern lengdarmetra en lágmarksgjald kr. 48.500

Öll skip skulu greiða lestargjald

Heimilt er að leggja á allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem óska eftir langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar.

Vörugjöld

5.gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, inna skilgreindra marka hafnanna, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Framflytjandi skal skila farmskrá, upplýsingum um verðmæti afla og öðrum nauðsynlegum gögnum til Hafnasamlags Norðurlands bs. vegna álagningar vörugjalda, þ.m.t. aflagöldum.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til erlendra eða innlendra hafna, en eru látnar á land um stundasakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundasakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreiknings vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumaður skips skal láta Hafnasamlagi Norðurlands bs í té afrit af farmskrá.

8. gr.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

9. gr.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósunduliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldaflokkar

1. Flokkur	495 kr. per tonn	Bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur, sement, asfalt, steinefni, áburður, hey, úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. Flokkur	622 kr per tonn	Lýsi, fiskimjöl, fiskifóður ásamt inn- og útfluttum sjávarafurðum
3. Flokkur	910 kr per tonn	Þungavarningur, svo sem óunnir málmar og timbur, stálbitar, steypustyrktarjárn, brotajárn, húshlutar, byggingareiningar, rör, gifsplötur, rafmagnsstengir, málmklæðningar og einangrun. Útgerðarvörur, smurolíur, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar. Pappír, pökkuð og niðursoðin matvæli, drykkjarvörur og ávextir. Steinull, sauðskinn, plaströr, gler og umbúðir.
4. Flokkur	2.455 kr per tonn	Aðrar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 1.-3.fl. S.s. Vélar og tæki og hvers konar varahlutir. Vefnaðarvara og fatnaður, gúmmí, búslóð, húsgögn, bifreiðar, heimilistæki, skrifstofuvélar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, hljóðfæri, úr, klukkur og myndavélar, sjónaukar, vín og tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

5. flokkur	Aflagjald	A. 1,27% af heildaraflaverðmæti sjávarafla sem lagður er á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur, eldisfiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
		B. 0,70% af heildaraflaverðmæti af frystum afla veiðiskipa í samræmi við ákvæði laga nr. 1.tl. staflíðar e í 17. gr. 61/2003. Kaupandi aflans innheimti gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Við sölu aflans til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofuskiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð verðlagsstofu skiptaverðs.
6. flokkur	Ekki innheimt	Vörugjöld vegna ferjusiglinga um hafnir Grímseyjar og Hríseyjar
7. flokkur	Strandsiglingar	Af vörum fluttum með reglubundnum strandsiglinum greiðist aðeins helmingur vörugjalda í hverjum verðflokki. Lágmarksgjald í öllum flokkum er 2.877 kr per tonn

10 gr. Rafmagn og vatn

Rafmagn

25,46 kr	hver kwst fyrir rafmagn til skipa, báta, verktaka og annara
29,40 kr	hver kwst fyrir rafmagn á frystigám ásamt lóðarleigu
28,45 kr	hver kwst fyrir rafmagn í smábátahöfnum HN
5.765 kr	hvert skipti, rafmangstengigjald
13.810 kr	per klst fyrir tengingu utan reglubundins vinnutíma, greiðist útkall (4klst)

Heitt og kalt vatn

436 kr	hver rúmmetrar af köldu vatni
483 kr	hver rúmmeter af heitu vatni
6.400 kr	Lágmarksgjald
13.810 kr	per klst fyrir tengingu utan reglubundins vinnutíma, greiðist útkall (4 klst)

Í samræmi við reglugerð nr. 125/2015 um brennisteinsinnihald í fljótandi eldsneyti þá skulu öll skip sem liggja við hafnarbakka og geta tekið við rafmagni úr landi tengjast landrafmagni. Þeim skipum sem unnt er að þjóna með þessum hætti er því óheimilt að keyra ljósavélar, nema viðvera þeirra í höfn sé innan við 6 klst.

11. gr.

Vinnutími hafnarstarfsmanna og útköll utan dagvinnutíma

Dagvinna hafnarstarfsmanna er frá 08:00 til 16:00 alla virka daga ársins. Tímavinna og útköll greiðist þegar þeirra vinnu er óskað. Tímagjaldið fyrir almenn störf hafnarstarfsmanna er **9.625 kr.** á klst í dagvinnu og **13.810 kr.-** fyrir yfirvinnutíma. Útkall reiknast minnst 4 klst og ef fleiri en einn viðskiptavinur nýtur þjónustu í sama útkalli skiptist kostnaðurinn milli aðila í hlutfalli við veitta þjónustu.

Fyrir veitta þjónustu í yfirvinnu í Hrísey og Grímsey reiknast yfirvinna hafnarstarfsmanna eftir kl. 16:00 alla virka daga ársins nema föstudaga frá kl. 14:55.

12. gr.

Hafnsögugjald

Samkvæmt hafnarreglugerð fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs. er öllum skipum lengri en 100 m, að undanteknum innlendum fiskiskipum, skylt að taka hafnsögumann við siglingu um hafnasvæði Samlagsins.

Fyrir leiðsögn til hafnar, að bólvirki eða lægi skal greiða **8,67 kr** fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfn greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfn skal greiða hálfthafnsögugjald. Hafnsögugjald skal þó aldrei vera lægra en **98.050 kr** Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúta hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu sbr. hafnarreglugerð nr. 287/2005 með síðari breytingum.

Leiðsögn til annara hafna er skv. samningi hverju sinni.

Frestist brottför eða færsla skips ítrekað um meira en 30 mínútur frá uppgefnum tíma án þess að tilkynning um það hafi borist til hafnarinnar a.m.k. 2 klst áður, er heimilt að innheimta lágmarks hafnsögugjald aukalega.

13. gr.

Þjónusta dráttarbáta

Skipum yfir 15.000 BT, olíuskipum og skipum með hættulegan farm er skylt að hafa dráttarbát til aðstoðar eða öryggis. Hafnarstjóri eða hafnsögumaður ákveður eftir aðstæðum hverju sinni notkun báta og nauðsynlegan mannafla.

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbátanna Seifs og Sleipnis miðast við brúttóstærð skips **kr.15,10** á BT.

Lágmarksgjald á klst. Er **104.287 kr** fyrir Seif en fyrir Sleipni og Mjölni **75.292 kr** og hámarksgjald **438.705 kr.** Lágmarkstími fyrir aðstoð er 1 klst.

Fylgi dráttarbátur skipi til öryggis í eða úr höfn, er tekið hálfth gjald.

Fluttur hafnsögumaður: Fast gjald **66.240 kr**

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið eða er til öryggis, fellur gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið, fellur gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Á siglingatíma Sleipnis til eða frá stað umfram eina klukkustund greiðast **105.600 kr** á klst.

Á samsvarandi siglingatíma Mjölris greiðast **73.680 kr** á klst. Á samsvarandi siglingatíma Seifs greiðast **124.600 kr** á klst.

14. gr.

Móttaka skipa

Festargjald fyrir hverja komu / brottför fyrir hvern mann er **18.890 kr** í dagvinnu. Í yfirvinnu er það **35.670 kr**

Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því.

15. gr.

Farþegagjald

Farþegagjald skal greiða af hverjum farþega ferðaþjónustubáta og skemmtiferðaskipa. Gjaldið er **253** Skipstjóri, umboðsmaður eða eigandi farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Skipstjórar, umboðsmenn eða eigendur þeirra báta sem stunda reglubundna farþegaflutninga skulu skila upplýsingum um farþegafjölda mánaðarlega og skal upplýsingum skilað eigi síðar en 7. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð.

16. gr.

Ábyrgð vegna mengunar

Mengunarvaldur skal greiða allan kostnað við hreinsun vegna mengunaróhappa samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004. M.a. getur þar verið um að ræða kostnað vegna vinnu Slökkviliðs Akureyrar, vegna vinnu starfsmanna Hafnasamlags Norðurlands bs, og kostnaður vegna notkunar á búnaði og nauðsynlegum efnum til hreinsunar.

17 gr.

Siglingavernd

Við komu skipa, sem falla undir ákvæði laga um siglingavernd nr. 50/2004, ber að greiða eftirtalin gjöld:

65.875 kr	Öryggisgjald per komu
320 kr	Farþegavernd pr. farþega, miðast við einn öryggisvörð
9.621 kr	Öryggisvörður í dagvinnu per klst.
15.204 kr	Öryggisvörður í næturvinnu per klst.
0 kr	Öryggisgjald vegna farmverndar

18 gr. Geymslugjald og lóðaleiga

Allar lóðarleigur miðast við per m² per mánuður

Geymslugjald fyrir gáma/vörur sem eru á hafnarbakka lengur en 2 sólarhringa fyrir lestun eða losun er kr. **1.555 kr.** per gámaeiningu fyrir byrjaðan sólarhring.

Geymslugjald á gámum á haftasvæði

605 kr	Geymslugjald á 20 feta gámi per sólarhring
1.306 kr	Geymslugjald á 40 feta gámi per sólarhring
1.796 kr	Geymslugjald á 20 feta gámi ásamt rafmagni per sólarhring
2.849 kr	Geymslugjald á 40 feta gámi ásamt rafmagni per sólarhring

Önnur lóðaleiga sem ekki er á haftasvæði

12.760 kr	Gámaleiga á opnum svæðum per mánuður
272 kr	Lóðarleiga fyrir frágengin svæði með tvöföldu bundnu slitlagi
182 kr	Lóðarleiga fyrir frágengin svæði með einföldu bundnu slitlagi
109 kr	Lóðarleiga fyrir frágengin svæði án bundins slitlags
91 kr	Lóðarleiga fyrir önnur svæði
29.006 kr	Útleiga á Loader eða vörubíl í dagvinnu ásamt manni Í næturvinnu er gjaldið 34.171
60.426 kr	Leiga á sérstökum fríholtum til skipa fyrir hverja byrjaða 24 tíma.
91.285 kr	Leiga á landgöngum fyrir hverja byrjaða 24 tíma
150.000kr	Uppsetning og frágangur landgangs

19. gr. Vigtargjald og gjöld fyrir smábáta

299 kr	Almenn vigtun á lönduðum afla per tonn
2.537 kr	Lágmark fyrir einstaka vigtun á krókavog per vigtun
3.522 kr	Flutningabílar og skoðun á bílavog per vigtun
2.642 kr	5-15 vigtanir á bílavog í mánuði per skipti
2.105 kr	16-30 vigtanir á bílavog í mánuði per skipti
1.781 kr	31 eða fleiri vigtanir á bílavog í mánuði per skipti
1.296 kr	Vigtargjald per löndun í Grímsey, Hrísey.

20. gr.

Gjöld fyrir smábáta á föstum viðlegum

18.878 kr	Mánaðaragjald við fastar timburbryggjur í Sandgerðisbót
123.508 kr	Viðlegugjald við flotbryggjur á Grenivík, Svalbarðseyri, Hjalteyri, Hrísey og Grímsey.
148.456 kr	Viðlegugjald við flotbryggjur á ári
142.391 kr	Viðlegugjald við bryggju nr. 1 í Sandgerðisbót.
7.219 kr	Uppistöðugjald á mánuði
28,90 kr	Rafmagn hver kwst
10.571 kr	Fyrir aðstöðu til þrifa og minni viðgerða á bátum á bryggjum eða svæðum HN skal greiða 8.400 á viku. Lágmarksgjald er ein vika.
756 kr	Daggjald báta 1 – 20 brt
1.555 kr	Geymslugjald á bátavögnum á svæði Hafnasamlags Norðurlands per mánuður

Þegar löndun eða þrífum á bátum við löndunaraðstöðu í Sandgerðisbót er lokið ber að færa bátinn strax á það ból sem eignandinn hefur. Ef misbrestur verður á því skal greiða kr. **1.000** fyrir hvern byrjaðan dag sem báturinn er í leyfisleysi við bryggjuna.

10% afsláttur er veittur fyrir 67 ára og eldri og öryrkja af öllum gjöldum sem falla undir 19.gr nema þá liði sem tengjast rafmagni.

21. gr.

Úrgangs- og förgunargjald

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og reglugerð nr. 1200 frá 2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar. Skip sem óskar eftir að Hafnasamlag Norðurlands bs taki á móti úrgangi skal það tilkynna um það að lágmarki 48 klst fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- 1) **Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafna skal skip greiða **0,45 kr á brt.** Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum

lið er **7.073 kr** og hámarksgjald **40.748 kr**. Úrgangsgjald fyrir báta undir 20 BT skal vera **1.465 kr** á mánuði.

- 2) **Úrgangsgjald:** Gjald skv. staflið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá **0,23 kr á brt**. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er **7.073 kr** og hámarksgjald **40.748 kr**.
- 3) **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- 4) **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem eru undir 100 m eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfnum Hafnasamlags Norðurlands skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Mánaðargjaldið skal vera **7.073 kr** á mánuði.
- 5) **Förgunargjald:** Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. grein laga nr. 33 frá 2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skili úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir förgun á úrgangi sem skilað er á land:
 - **Farþegaskip** yfir 60 metrar á lengd skulu greiða **1,59 kr** á brt. Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn:
 - **Farþegaskip** undir 30.000 brt: 5 m³
 - **Farþegaskip** frá 30.000 brt til 100.000 brt: 10 m³
 - **Farþegaskip** yfir 100.000 brt: 15 m³
 - **Önnur skip** skulu greiða **2,30 kr** á brt. Gjaldið miðast við 5 m³ af sorpi.
- 6) Greiða skal samkvæmt h-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun. Skip og bátar sem eru undir 60 metrar á lengd og hafa varanlega viðlegu í höfnum Hafnasamlags Norðurlands bs. skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi.
- 7) Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er **43.558 kr**.
- 8) **Förgunargjald:** Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. E-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Hafnasamlagi Norðurlands innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.
- 9) Skv. 11 grein laga nr. 1200 frá 2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- 10) Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og 11. grein c-lið laga nr. 33 frá 2004 hafnalaga skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er **13.522 kr** á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetri. Annast höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

22 gr. Umhirðugjald

Umhirðugjald skemmtibáta í smábátahöfnum HN er **382 kr** á mánuði.

23 gr. Um innheimtu og greiðslu gjalda

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Skipstjóri, eigandi og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnasamlags Norðurlands bs. vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnanna. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Hafnasambandi Norðurlands er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnasambandi Norðurlands er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Akureyri 13. desember 2023

Pétur Ólafsson, hafnarstjóri
Inga Dís Sigurðardóttir formaður stjórnar HN

